

Nd.

562. Nefndarálit

[127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum og sent það til umsagnar ýmissa aðila. Umsagnir bárust frá nokkrum þeirra og voru flestar jákvæðar, þótt þar kæmu fram allmargar ábendingar um breytingar.

Einnig kvaddi nefndin á sinn fund Svein Tryggvason framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, Stefán Björnsson forstjóra Mjólkursamsölunnar í Reykjavík, Skúla Johnsen borgarlækni, Baldur Johnsen frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og fulltrúa frá Kaupmannasamtökum Íslands, og gáfu þeir nefndinni ýmsar mikilvægar upplýsingar.

Nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu málsins. Leggur undirritaður meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt með allmörgum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1976.

Stefán Valgeirsson,
form., frsm.

Þórarinn Sigurjónsson,
fundaskr.

Pálmi Jónsson.

Friðjón Þórðarson.

Ingólfur Jónsson.